

| tíska | tíðarandi | heilsa | viðtöl | börn | pistlar | matur | stjörnuspa |

# birta

fagnar fjölbreytni

PAUL FONTAIN NIKOLOV  
» *Aðlögun, jafnrétti og samstaða*

GLÖGGT ER GESTS AUGAÐ  
» Ísland og íslensk sérkenni

MATUR  
» Hamborgarar og pylsur  
með hugmyndaflug

TÍSKA  
» Stíll stjarnanna

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
21. júlí - 27. júlí

# Mondeo Trend Plus

# Söltilboð 27490

Mán.gr. Bilasamningur  
Lýsingar og Brimborgar

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku söltilboði Brimborgar. Skoðuðu góðan Bilasamning\* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðuðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu söltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á söltilboði.

  
Aflaðu þér  
frekari upplýsinga  
[www.ford.is](http://www.ford.is)

## Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst ströngustu kröfur þýsku TÜV eftirlitsstofnunarinnar við ofnæmisprófanir.



Focus C-Max Trend Plus  
Söltilboð  
**29.480\***  
(mán.gr. bilasamningur)

### Trend+

Focus C-Max Trend Plus  
2,0i 5 dyra, sjálfskiptur\*  
Bilasamningur 29.480 kr.  
Rekstrarleiga 42.600 kr.  
Verð án söltilboðs 2.590.000 kr.  
Söltilboð 2.390.000 kr.

Komdu núna. Söltilboð Brimborgar  
gildir meðan birgðir endast.



Nýtt tákni um gæði

### Trend+

Mondeo Trend Plus  
2,0i 5 dyra, 5 girá\*

Blasamningur 27.490 kr.

Rekstrarleiga 41.120 kr.

Verð án sóttíboðs 2.350.000 kr.

**Sóttíboð 2.250.000 kr.**

Sóttíboð á sjálfskiptum

Mondeo Trend Plus:

Til viðbótar aðeins

140.000 kr.



## Í spennandi bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðuðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

**FORD GT**

Smelltu á [ford.is](http://ford.is) og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.

Nýttu þér sérstakt Trend-plús  
sóttíboð Brimborgar:  
Ford Mondeo Trend Plus og  
Ford Focus C-Max Trend Plus.

Sumarið er  
í Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.ford.is](http://www.ford.is)

í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarta. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru ákstur á tímabilinu \*Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru áfölgur.



# ÚTSALAN HAFIN

**40% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM VÖRUM**

NEXT

KRINGLUNNI







14



32



24



18

### Petta helst

- 7 Verið stolt
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Snorra Snorrasonar
- 12 Margeir plötusnúður: Andrúmsloft Bláa lónsins túlkað með tónlist

### Greinar og viðtöl

- 14 Aðlögun, jafnrétti og samstaða: Paul Fontain Nikolov
- 18 Við vorum kallaðir afarnir: Íslenskir ofurhugar
- 22 Hið einstaka Ísland og íslensk sérkenni

### Hann/hún

- 24 Hamborgarar og pylsur með hugmyndaflug
- 28 Stíll stjarnanna: Hilary Duff
- 32 Glamúrgellan Brittany Murphy
- 34 Kristín Eva Þórhallsdóttir elur upp
- 34 Piss piss og pelamá
- 40 Tryggvi segir kynjasögur
- 40 Stjörnuþá
- 42 Leiðir til að plata líkamann
- 44 Hávaði veldur vellíðan
- 46 Morgunógleði og mataræði

### Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

**birta**

21. – 27. júlí 2006 nr. 29

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar  
 RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir (ábm.)  
 steinunn@frettabladid.is  
 Þórgunnur Oddsdóttir  
 thorgunnur@frettabladid.is  
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:  
 Skaftahló 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000  
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:  
 Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is  
 Sölustjóri / 550 5845 / 899 0797  
 Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796  
 Gréta Karen Grétarsdóttir / gretakaren@frett.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5864 / 846 5772  
 Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar  
 Arnór Bogason og Linda Stefánsdóttir

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
 FORSÍÐUMYND: HARI  
 NETFANG: birta@frettabladid.is  
 Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

Það er miklu betra að  
bæta bara við inneignina  
eftir þörfum á Netinu.

**Smelltu þér á [www.sko.is](http://www.sko.is)**

Þú getur flutt GSM símanúmerið þitt yfir til SKO.



**SKO**

Tala meira. Borga minna.

**14,90kr.**

Minútuverð

**4,90kr.**

SMS verð

**0,00kr.**

Mánaðargjald



Texti: RÓALD VIÐAR EYVINDSSON

Myndir: GETTY IMAGES

## VERIÐ STOLT!

### *Bætt réttarstaða samkynhneigðra*

Fyrir skemmstu náðist sá merkilegi áfangi í réttindabaráttu samkynhneigðra á Íslandi, að ný lög voru samþykkt sem heimila samkynhneigðum að ætleiða börn og skrá sig í sambúð auk þess sem lesbír geta nú gengist undir tækniþrjúgvun.

Mörgum þótti þessi leiðrétting á réttarstöðu samkynhneigðra sjálfsögð mannréttindi og fyrir löngu orðin tímabær. Réttindabaráttan hefur engu að síður þróast hratt sé þess minnst að ekki er lengra síðan en á níunda áratugnum sem orðin lesbía og hommi voru bannorð í íslensku útvarpi.

Stjórnvöld eiga hrós skilið fyrir vasklega framgöngu í málinu, svo ekki sé nú talað um þann hóp samkynhneigðra kvenna og karla sem börðust fyrir eigin tilverurétti á tímum skefjalausra fordóma. Tökum hattinn ofan af fyrir þeim.

Þessi þáttaskil eru jafnframt einn liður í að tryggja öllum landsmönnum jöfn lífskjör og hefur sett Íslendinga í flokk með fremstu þjóðum á sviði mannréttinda.

Það er því ærin ástæða til að óska samkynhneigðum og fjölskyldum þeirra til hamingju með að hafa náð þessum áfanga, enda ku sýslumannsembættið ekki hafa undan við að gefa saman samkynhneigð pör eftir að samþykki fékkst. Vonandi verða þessi merku tímamót fleirum hvatning til að horfast í augu við eigin tilfinningar og koma út skápnunum.



| heitt & kalt |

**FRÆNDUR OKKAR FINNAR**, fyrir að hýsa Íslendingana sex í Damaskus.

**SIGGI STORMUR**, sem er loksins farinn að spá góðu veðri.

**SUMAR Á ÍSLANDI**, sem hefur ekki látið á sér kræla en gæti hvenær sem er dottið inn.

**LYFJAFRAMLEIÐENDUR**, fyrir að kenna íslenskum leiðbeiningum um hátt lyfjaverð hérlendis.

**NORÐMENN**, sem skildu Íslendingana sex eftir í Beirút.

Sumarbækurnar » Allir eru að lesa þær

Vinsælustu sumarþætur eru á allra vörum þessa dagana. Þeir sem ekki náðu að lesa Draumalandið þegar hún kom út í vor liggja hugfangnir yfir henni núna og áhrifin láta ekki á sér standa - allir eru að tala um þessa bók.

Skáldsögurnar eiga einnig upp á pallborðið og nokkrar góðar þætur sem nýlega hafa komið út í kiljum eru afar vinsælar. Þætur eins og Leynardómur býflugnanna eftir Sue Monk Kidd, Flugdrekaflauparinn eftir Khaled Hosseini og Skuggi vindsins eftir Carlos Ruiz Zafón eru meðal þeirra sem rætt er um á mannamótum enda eru þær í efstu sætum metsölulistanna.



Garðstemning » Borðbúnaður á pallinn

Það þurfa allir að eiga sumarlegan og fallegan borðbúnað til að leggja á borð utandyra. Grillkjötið bragðast svo miklu betur af skrautlegum diskum og máltíðin verður ennþá skemmtilegri ef allt er í lífflegum litum. Kannan, mottan og glösin hér á myndinni fást í Habitat.



Sítt hár » Allir að safna



Ekki er svo ýkja langt síðan kvenþjóðin kaus að halda hárinu stuttu, hver man til dæmis ekki eftir samfarahnakknum? Nú eru konur hins vegar með sítt hár eða eru að safna hári. Þeir óþolinmóðustu hafa enn fremur gripið til þess ráðs að lengja hárið með gervihári. Það má til dæmis teljast til kraftaverks hversu hratt hár Siennu Miller hefur vaxið, nema hún hafi farið í hárlengingu.



Sumarletin

» Slappaðu af

Sumarið er í hámarki og því fylgir óhjákvæmilega dálítill leti. Það er gott að leyfa sér að gera ekki neitt, slappa bara af í nokkra daga og láta uppsafnaða þreytu líða úr líkamanum. Margir eru í sumarfríum þessarar mundir og eyða drjúgum tíma í ferðalög eða framkvæmdir heima fyrir, það er ekki síðra að nota friðið í algjöra hvíld, leyfa letinni að taka völdin og sofna í grasinu annað slag.



# Dermyn

## NÝTT OG ENDURBÆTT

Innihaldsefni Dermyn gera það að verkum að innra stoðkerfi húðarinnar byrjar aftur að virka eins og það gerir hjá yngra fólki. Dermyn inniheldur alveg sérstaka samsetningu efna sem vinna gegn því að kollagen og elastín efnin í húðinni brotni niður. Þessi sérstaka samsetning efna í Dermyn endurbyggja í sameiningu net stoðstrengja í grunni húðarinnar, sem gera hana aftur stinna og fallega. Dermyn hamlar gegn niðurbroti hyaluronsýru, sem er efni sem stjórna og jafnar rakastig og mýkt húðarinnar. Dermyn er þettað efni úr sermi sem borið er á húðina kvöld og morgna, sem grunnur undir venjulegt rakakrem. Berið Dermyn Active Serum á hreina húð 1-2 á dag. Berið þunnt lag á andlit (ekki á augnsvæði), háls og bringu.





**brennslan mín ...**  
Snorri Snorrason söngvari

## Uppáhaldslögin í gegnum tíðina

Idol-stjarnan Snorri hefur í nógu að snúast þessa dagana enda er platan hans „Allt sem ég á“ nýkomin út. „Þetta fer bara vel af stað,“ segir Snorri sem hafði þó tíma til að snara upp lista með tíu lögum fyrir brennsluna. „Þetta er svona listi með nokkrum af mínum uppáhaldslögum í gegnum tíðina,“ segir Snorri sem á þó erfitt með að benda á eitthvað eitt sem einkennir tónlistarsmekk hans. „Ég hlusta bara á það sem ég heyrir enda getur verið erfitt að hlusta á það sem maður heyrir ekki.“

- |               |  |
|---------------|--|
| <b>LAG 1</b>  | <b>Boulevard of broken dreams - Green day.</b> Þetta er flottur rokkslagari sem ég get hlustað á aftur og aftur.   |
| <b>LAG 2</b>  | <b>Paradise city - Guns N'Roses.</b> Þetta er náttúrulega klassískur rokksmellur sem var og er eitt af mínum uppáhalds.  |
| <b>LAG 3</b>  | <b>Babe I'm gonna leave you - Led Zeppelin.</b> Ég hlustaði mikið á þessa snillinga á unglingsárunum. Þetta lag er alveg geggjáð.  |
| <b>LAG 4</b>  | <b>Don't get mad, get even - Aerosmith.</b> Þetta er svona blússrokkari, þarna fer Steven Tyler á kostum og sýnir hversu geggjáður söngvari hann er.   |
| <b>LAG 5</b>  | <b>Dream on - Aerosmith.</b> Það er að segja unplugged útgáfa af þessu lagi sem ég heyrði með þeim. Mögnuð útsetning.  |
| <b>LAG 6</b>  | <b>Nothing compares - stereophonics.</b> Flott kassagítarútgáfa af þessu lagi, þeir gera þetta vel. Gaman að heyra karlmann syngja þetta lag.  |
| <b>LAG 7</b>  | <b>Life on Mars - David Bowie.</b> Svakalegt lag frá meistara Bowie sem á fastan sess á mínum lista.   |
| <b>LAG 8</b>  | <b>This years love - David Gray.</b> Þetta lag er það flottasta sem hefur komið frá honum. Fíla það mjög vel.  |
| <b>LAG 9</b>  | <b>Can't cry hard enough - William Brothers.</b> Þetta lag er búið að vera uppáhalds lagið mitt síðan það kom út. Það er einnig hægt að finna það á mínum disk á íslensku. Lúmskur að koma því að. |
| <b>LAG 10</b> | <b>She's gone - Steelheart.</b> Svakalega flott powerballaða og það sem vekur mesta furðu er þessi söngvari. Þetta er ósyngjanlegt lag.  |



## » birta mælir með ...

... **CLICK** Adam Sandler á að baki æði misjafnar myndir. Click er ein af hans betri, sérstaklega á síðari árum. Boðskapurinn er einfaldur og augljós, brandaramir fyndnir og sagan góð á sinn barnalega hátt. Ekki skemmir að David Hasselhoff fer á kostum sem yfirmaður Sandler.



... **PLÖTUNNI OLIVER UNDER THE MOON** með indí rokkhljómssveitinni Pistolita. Ung hljómssveit sem lofar góðu með þessari fyrstu plötu sinni. Flott píanóspil í sambland við þessar trommur og gítar er í góðum samhljómi við rödd forsöngvarans Conor Meads og ekki spilla finir textar fyrir. Lög sem standa upp úr eru Cupid, sem er einstaklega grípandi og Fadawhite sem er í rölegri kantinum.

## ... BÓKINN HANN ER EKKI NÓGU SKOTINN Í PÉR

Um er að ræða þýðingu á metsulubókinni He's Just Not That Into You eftir framleiðanda Sex and the City. Hér er ekki á ferð neitt svakalegt bókmenntaafrek - enda bókinn væntanlega ekki hugsuð sem slík. Bókinn er auðlesin og þótt allir hafi heyrt það sem í henni stendur oft en einu sinni og oft en tvisvar þá er það sett upp á skemmtilegan hátt sem lætur mann sjá hlutina í öðru ljósi. Svo spillir góð þýðing Þóru Sigurðardóttur alls ekki fyrir. Frábært að hafa þessa á náttborðinu til að grípa í þegar eitthvað bjátar á í ástarmálanum.



## Huliðssólgleraugu

**NÝTT**


Hér er loksins komin lausnin fyrir þá sem enda trekk í trekk á síðum Hér & Nú og þurfa í kjölfarið að útskýra eitthvað fyrir sínum nánustu sem þeir helst vilja ekki þurfa að útskýra.

Um er að ræða gleraugu sem líkjast svörtu augnastríkunum sem sett eru yfir myndir til að gera andlit óþekktanleg. Með þessi gleraugu á nefinu er þér óhætt að fara hvert sem er, gera hvað sem er og með hverjum sem er og brosa þínu fegursta framan í alla þá ljósmyndara sem þú sérð - þú átt ekki eftir að þekkjast! Fyrir utan að vera tilvalin á djammínu má hugsa sér að Black Bars sólgleraugin séu tilvalin á blindum stefnumótum, í áhæmaprufum fyrir Idol stjörnuleit, hjá kvensjúkdómalæknum og við önnur tækifæri þar sem maður vill helst ekki þekkjast.



Þessar bráðnaudsynlegu persónuvamir má panta á heimasíðunni [www.stupidiotic.com](http://www.stupidiotic.com), sem hétu sennilega vitleysisheimska.is ef hún væri íslensk, hvað sem það nú segir okkur.

*Veitum þér faglega  
og góða ráðgjöf við  
val á undirfatnaði*



Mjóddinni Reykjavík og Glerártorgi Akureyri

Olympía undirföt - Gleráreyrum 1, Akureyri - 462 7155 - [olympia@olympia.is](mailto:olympia@olympia.is)

Olympía undirföt - Pönglabakka 6, Reykjavík - 553 3600 - [olympia@olympia.is](mailto:olympia@olympia.is)



Texti: ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR  
Myndir: HRÖNN AXELSDÓTTIR

## » ANDRÚMSLOFT BLÁA LÓNSINS TÚLKAÐ MEÐ TÓNLIST

Margeir Ingólfsson, plötusnúður, var að gefa út nýjan disk sem ber nafnið „Blue lagoon soundtrack.“ Á disknum er að finna margar tegundir tónlistar sem Margeir hefur sett saman og búið þannig til heildarmynd sem að hans mati einkennir Bláa lónið.

### HVERNIG DISKUR ER ÞETTA?

Þetta er svokallaður mix-diskur þar sem ég vel lög og mixa þau saman. Í sumum tilfellum á ég aðeins við þau og breyti til dæmis uppröðuninni. Það er þekkt að plötusnúðar geri svona diska og ég hef gefið út nokkuð marga síðastliðin tólf ár.

### HVERNIG FÉKKSTU HUGMYNDINA AÐ DISKNUM?

Þetta byrjaði fyrir rúmum tíu árum síðan þegar ég var ofan í Bláa lóninu og tengdi tónlist sterkt við staðinn. Síðan gerði ég ekkert við þá hugmynd heldur skellti henni bara bak við eyrað. Svo kom hugmyndin aftur fram þegar ég var að spila fyrir gesti lónsins síðastliðið haust, og þá ákvað ég að skella þessu í framkvæmd. Ég hafði samband við Bláa lónið og Senu og þeir gripu hugmyndina á lofti.

### HVAÐ HAFÐIREU Í HUGA ÞEGAR ÞÚ VALDIR LÖGIN?

Ég horfði bara á lónið sjálft sem er einstakt, á náttúruna og ekki síst orkuverið, tæknina og vísindin sem eru um kring. Útkoman er svolítið sérstök blanda af þessum þáttum sem ég hafði til hliðsjónar. Ég vildi túlka upplifunina sem þú verður fyrir þegar þú ert í lóninu, sérstaklega þegar tónlist blandast inn í spilið.

### EIGA LÖGIN EITTHVAÐ SAMEIGINLEGT?

Í raun og veru ekki. Þetta eru allt mjög góðir tónlistarmenn sem koma frá ólíkum sviðum því ég vildi ekki láta allan diskinn hljóma eins. Markmiðið var samt að búa til heild úr lögnum og láta diskinn flæða. Í raun á hlustandinn ekki að verða var við að það byrji nýtt lag, jafnvel þótt það sé allt öðruvísi en lagið á undan. Það er í raun mjög krefjandi verk þegar lögin eru svona ólík innbyrðis og flakka í hraða.

### HVAÐA LÖG ERU ÞETTA?

Til þess að þrjúta upp diskinn valdi ég lög frá þrjátíu ára tímabili, eða frá 1974 og til dagsins í dag. Ég vildi ná sérstökum eiginleikum fram með því að velja lög sem hafa kannski ekki heyrst lengi en eru svolítið eins og faldir gimsteinar. Síðan vildi ég líka vera ferskur og tók lög sem hafa ekki einu sinni komið út og munu jafnvel aldrei koma út annars staðar.

### Á BARA AÐ HLUSTA Á DISKINN ÞEGAR MAÐUR ER STADDUR Í BLÁA LÓNINU?

Nei alls ekki. Ég vil að tónlistin standi sjálf sem slík þó allt annað sé tekið frá, bæði umbúðir og þema. Þetta er ekki hugsað sem slökunar-diskur eða túristadiskur eins og hefur verið allsráðandi með svona mix-diska. Tónlistin á að standa fyrir sínu hvar sem hlustað er á hana en ég mæli samt með því að prófa að vera í Bláa lóninu og hlusta á góða tónlist á meðan. Það getur verið ansi magnað.



Hér  
er ég!



Mjódd



Akureyri



Smiðjuvegi



Nóatúni 17



**Apótekarinn**

-lyf á lægra verði!



# Aðlögun, jafnrétti og samstaða

» Paul Fontain Nikolov, talsmaður Flokks nýrra Íslendinga, segir sinnuleysi íslenskra stjórnvalda í málefnum innflytjenda vera ástæðuna fyrir stofnun hans, en hún hefur vakið töluverða athygli. Í viðtali við Birtu segir Paul frá sjálfum sér og af hverju hann tók þetta hlutverk á herðar sér.

Viðtali: RÓALD VIÐAR EYVINDSSON

Myndir: HARI

Bláðamaður hittir Paul á kaffihúsi í miðbæ Reykjavíkur og þegar kaffið hefur verið pantað, leikur honum fyrst forvitni á að vita hvað hafi dregið hann til landsins. „Ég hafði unnið sem kokkur á sama veitingahúsi í tvö ár í Bandaríkjunum og skrifaði smásögur í frítímanum, en fannst erfitt að komast áfram enda samkeppnin mjög hörð,“ útskýrir hann. „Mér fannst tímabært að breyta til.“

Paul bætir við að þegar hann hafi verið á ferðalagi um Ísland árið 1998, hafi hann hrifist af landinu og sagt í hálfkæringi við íslenska vini sína að kannski ætti hann bara að setjast að. „Þeir héldu að mér væri alvara og buðu samstundis fram hjálp sína. Þá hugsaði ég málið betur og fannst þetta ekki svo galin hugmynd. Ég flutti hingað í september 1999, stofnaði fjölskyldu og hef unnið við blaðaskrif síðan 2003.“

## ÍSLENDINGAR EKKI BEINSKEYTTIR

Næst liggur beint við að spyrja hvernig Paul hafi skynjað Íslendinga í fyrstu. „Það er erfitt að alhæfa um þjóð, hvort sem hún telur þrjú hundruð þúsund eða þrjú hundruð milljónir íbúa,“ segir hann hugsi. „Hér virðast þó fastmótaðar samskiptareglur gilda. Fólk byggir tjáskipti sín á því hvort það hafi gengið í sama skóla, alist upp eða unnið saman. Í Bandaríkjunum fer það frekar eftir búsetu og fjölskyldusögu.“

Paul finnst Íslendingar að auki ekki beinskeyttir. „Ég hef orðið vitni að því hvernig íslenskir veitingahúsagestir komu ofurölvuðum manni í skilning um að þeir vildu matarfríð án þess að vera dónalegir. Þetta sýnir einstaka þolinmæði sem getur líka farið út í öfgar, eins og þegar enginn hefur sig í að gagnrýna starfsmann fyrir léleg vinnubrögð. Bandaríkjamenn hafa ekki sömu þolinmæði. Fjölskylda mín í Baltimore, sem á ættir að rekja til Ítalíu, Frakklands og Póllands, hefði í báðum tilvikum sagt viðkomandi aðila til syndanna.“

Paul setur þó ekki jafnaðarmerki á milli þolinmæði og kurteisi, sem honum finnst stundum ábótavant þegar útlendingar eru annars vegar, þótt það fari eftir þjóðerni. „Konan mín, sem er frá Búlgaríu, lenti í því að yfirmaðurinn gagnrýndi hana fyrir að setjast í vinnunni þegar hún var barnshafandi, með þeim orðum að slíkt gerðu íslenskar konur ekki þótt aðrar reglur kynnu að gilda í Póllandi. Þegar hún sagðist vera frá Búlgaríu, spurði hann hvaða máli það skipti.“

Paul segist ennfremur hafa orðið fyrir fordómum vegna þjóðernis síns og einnig hafa orðið vitni að kynþáttahatri þótt það sé til allrar hamingju hvorki útbreitt né djúpstætt. „Margt af því byggir á ranghugmyndum, en ég hef veitt því eftirtekt að þeir sem hafa lítið farið út fyrir landsteinana hafa oft ríkari tilhneigingu til að alhæfa um aðrar þjóðir. Yfirleitt dugir að ræða málin til að gera út um slíka hleypidóma.“





## ÍSLENSK STJÓRNVÖLD SINNULAUS

Paul segist fljótlega hafa áttað sig á því við hversu góðar aðstæður Íslendingar búi. „Hér er traust félagskerfi, samhæft heilbrigðiskerfi, niðurgreitt nám og gott lýðræðisskipulag,“ segir hann. „Sem dæmi er auðvelt að ná tali af þingmönnum, en ég varð persónulega mjög undrandi yfir því hversu greiðlega gekk að fá viðtal við Siv Friðleifsdóttur, þegar hún var umhverfisráðherra. Í Bandaríkjunum hefði ég mátt príska mig sælan með að fá fund við aðstoðarmann ráðherra,“ segir hann brosandí.

Paul bætir við að það hafi því komið eins og kjafthögg þegar hann uppgötvaði hvernig fjallað er um málefni innflytjenda hérlandis. „Svo ég tali út frá persónulegri reynslu, þá varð ég undrandi á að vita að námsferill minn hefði lítið að segja þegar ég sótti um innngöngu í Háskóla Íslands. Ástæðan var sú að í Bandaríkjunum er ekki samræmdur námsmælikvarði, heldur misjafnt eftir sýslum hvaða reglur gilda. Ég stóð því frammi fyrir því að þurfa að ljúka tveimur árum í íslenskum menntaskóla til að geta hafið háskólanám og afréð því að fara í skóla. Ákvörðunin var erfið þar sem ég hafði hlakkað til námsins, sem mér hefur verið sagt að sé gott.“

Að mati Paul er þetta lítið dæmi um hvernig tekið er á móti útlendingum, en honum finnst stefna stjórnvalda einkennast af afskiptaleysi í þeirra garð. „Enginn stjórnvalaflokkur fjallaði um málefni innflytjenda í síðustu sveitarstjórnarkosningum, ekki einu sinni þeir sem hafa þau á sinni stefnuskrá,“ bendir hann á. „Samt voru flokkarnir greinilega á höttunum eftir atkvæðum innflytjenda, sem sést af því hvernig búið var að þýða heimasíður þeirra yfir á ensku. Ég ákvað því að taka málin í mínar hendur og gerast málsvari innflytjenda fyrst enginn annar hafði áhuga á því.“

Paul segir Flokk nýrra Íslendinga, en það er heiti hinnar nýstofnuðu pólitísku hreyfingar, byggja á lýðræðislegum grunni enda vilji hann ekki vera einráður í stefnumótun hans. „Við munum fljótlega setja saman stefnuskrá, enda getur verið að við bjóðum fram í vor. Við ætluðum upphaflega að bjóða fram í borgarstjórn 2010 og á þing árið 2011, en skiptum um skoðun vegna fjölda áskorana. Í fyrstu fannst mér það afleit hugmynd, en þegar ég hugsaði málið betur þá tók aðeins tvo mánuði að mynda flokk vinstri grænna og þeir náðu fimm prósentu fylgi. Af hverju ættum við ekki að geta náð svipuðum árangri ef rétt er haldið á spilunum?“

## SAMLÖGUN INNFLYTJENDA NAUÐSYNLEG

Aðspurður um hvað sé rangt við stefnu ríkisstjórnarinnar, finnst honum skrytið að ekki skuli vera tekið á móti flóttamönnum á Íslandi. „Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir ástæða vera að flóttamenn séu ekki dæmigerðir

innflytjendur, þar sem þeim hefði oftast verið vísað alls staðar frá áður en þá ber hér að garði. Á að skilja þessi orð sem svo að fólk eigi þá ekki skilið að fá landvist hér, af því að því hefur ekki tekist það annars staðar? Ummælin eru líka móðgandi við íslensku þjóðina, þar sem þau gefa í skyn að útlendingar vilji síst af öllu búa hérlandis.“

Talið berst nú að stefnu Flokks nýrra Íslendinga og helstu baráttumálum og segir Paul að bæta þurfi starfskjör innflytjenda. „Útlendingar sem hefja vinnu hérlandis ættu að þekkja starfskjör



*„Ég ákvað því að taka málin í mínar hendur og gerast málsvari innflytjenda fyrst enginn annar hafði áhuga á því.“*

frá upphafi. ASÍ útbjó bækling um starfskjör útlendinga, sem var þýddur á átján til tuttugu tungumál, og mætti hæglega afhenda þeim við komuna til landsins. Af einhverjum duldarfullum ástæðum ratar bæklingurinn sjaldnast í þeirra hendur,“ segir hann.

„Íslenskukennsla fyrir útlendinga er líka of dýr og ósamræmd,“ segir Paul. „Sumir kennarar byrja á málfræðinni á meðan aðrir kenna fólki fyrst að panta sér mat og kaupa fót. Það mætti líka flétta fróðleik um sögu og menningu íslensku þjóðarinnar saman við námið til að auðvelda útlendingum samfélagslega aðlögun. Svo ég tali nú ekki um uppfræðslu í samskiptaháttum til að hindra menningaráræfstra. Að auki

er tungumálakennslan of tímafrek. Hvernig á vinnandi fjölskyldufólk eiginlega að geta sinnt 150 klukkustunda löngu námi? Þegar ég benti Árna Magnússyni, þáverandi félagsmálaráðherra, á þetta svaraði hann því blákalat að svona væri lífið.“

## JAFNRÉTTI ÖLLUM TIL HANDA

Paul segir flokksmenn vilja að leyfi verði veitt fyrir byggingu bænahúsa múslima og grískra rétttrúnaðarmanna, sem hafa sóst eftir því í fimm ár. „Er ekki eitthvað bogið við að borgarstjórn þurfi fimm ár til að komast að niðurstöðu, á meðan það tekur nokkra mánuði að samþykka byggingu Bauhaus-byggingavörverslunar,“ spyr hann. „Svo finnst mér duldarfullt að safnaðarhírðar megi ekki búa á jörðinni. Ég vil ekki kalla þetta fordóma, en finnst allt í lagi að við veltum málinu aðeins fyrir okkur.“

Fyrir skömmu síðan kom út skýrsla á vegum Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kemur að nokkrir íslenskir karlmenn séu að selja eiginkonur sínar, af erlendu bergi brotnar, í vændi. Paul telur þetta sýna að löggjöfin um 24 ára aldurstakmark sé gölluð. „Löggjöfin var sett á til að fyrirbyggja gervilhjónabönd, meðal annars þau sem notuð eru til að hylma yfir mansali, en dugar skammt. Þetta hefði frekar mátt hindra hefðu konurnar þekkt rétt sinn. Að auki getur útlensk kona ekki skilið við mann sinn innan þriggja ára, jafnvel þótt hún búi við ofbeldi, því þá öðlast hún ekki ákveðin réttindi.“

Paul segir kvenréttindi vera eitt helsta baráttuefni flokksins, líka íslenskra kvenna sem giftast útlendum mönnum. „Hér kom upp skelfilegt mál fyrir tveimur árum þegar jördónskum karlmanni, sem er kvæntur íslenskri konu og á með henni barn, var vísað úr landi fyrir að fylla vitlaust út framlengingu á starfsleyfi. Konan reyndi árangurslaust að fá málinu áfrýjað og maðurinn var sendur burt. Hefði einhver vilji verið fyrir hendi af hálfu stjórnvalda hefði mátt leysa málið á farsælan hátt. Eins og þú heyrir er af nógu af taka,“ segir hann og bætir við að flokkurinn muni berjast fyrir réttindum aldraðra og öryrkja.

## VONGÓÐUR UM FYLGI

Paul trúir því að Flokkur nýrra Íslendinga fái ágætis fylgi. „Það búa 5.424 innflytjendur í Reykjavík einni saman og enn fleiri úti á landsbyggðinni. Ég er viss um að stór hluti þeirra mun kjósa okkur, þar sem við erum eini flokkurinn sem hefur áhuga á að fjalla um málefni þeirra. Ég er líka viss um að margir þeirra Íslendinga, sem eru bornir og barnfæddir á Íslandi, munu greiða okkur atkvæði sitt þar sem samlögun innflytjenda, janfrétti öllum til handa og samstaða eru þeim jafn mikið hjartans mál og okkur. Flokkur nýrra Íslendinga er ekki bara flokkur útlendinga, heldur Íslendinga sem aðhyllast nýjan hugsunarhátt.“





# Nýtt bakarí og kaffihús í Austurveri.



## Opnunartilboð

Öll rúnstykki **2 fyrir 1**

Maísbrauð **150 kr**

Amerísk súkkulaðiterta **600 kr**

Kaffi og tertusneið **490 kr**

Ath: tilboðin gilda til 31. júlí 2006,  
aðeins hjá Bakarameistarinum í Austurveri.

Komdu og láttu gæla við bragðlaukana!



## Bakarameistarinn



Þeir Stefán, Erlendur, Trausti og Pétur hafa verið ótulir við æfingar að undanförmu.  
Mynd: Heiða

## Við vorum kallaðir afarnir

» Íslendingar eiga harðsnúið fjögurra manna lið sem tekur þátt í ævintýrakeppni á Austur-Grænlandi á næstu dögum. Hún felst í hjólreiðum, kanóróðri og hlaupi yfir fjöll og jökla. Birta hitti kappana við æfingar í Nauthólsvík áður en þeir lögðu af stað.

Viðtal: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR

Þeir koma hjólandi niður að vikinni hver á eftir öðrum, Stefán Örn Einarsson verkstjóri hjá Sorpu, Erlendur S. Birgisson verkfræðingur, Trausti Valdimarsson læknir og Pétur Helgason matvælafræðingur, sem saman mynda þolraunaliðið. Þetta kvöld ætla þeir að róa. „Það er bannað að velta bátnum, ég kom ekki með blautbúninginn,“ segir Pétur og til skýringar nefna þeir að síðasta róðraræfing hafi meðal annars gengið út á að bregðast rétt við veltu. Sum kvöldin hjóla þeir upp að Esju og hlaupa tvisvar, jafnvel þrisvar upp fjallið. Allir eru þeir margfaldir maraþonhlauparar, þar hefur Trausti vinninginn með 47 maraþonhlaup að baki. „Það þýðir ekkert að taka

þátt í svona keppni nema í toppformi,“ fullvissa þeir blaðamann Birtu um og á meðan þeir máta peysur og jakka fræða þeir hann um það sem framundan er.

„Keppnin heitir Artic Team Challenge og byrjaði 2001. Íslendingar áttu lið í keppninni 2003 en við tókum ekki þátt fyrr en í fyrra. Keppnin er haldin í bænum Tasiilaq á eyjunni Ammassalik og skiptist í hjólreiðar, róður á kanó, flallaklifur og fjallahlaup bæði um fjöll og jökla. Fjórir menn eru í hverju liði og ellefu lið hafa skráð sig í ár, þar af er eitt frá Ameríku og annað frá Frakklandi. Við vorum lang elstir í keppninni í fyrra enda kallaðir afarnir.“ „Líka af því við erum afar góðir!“ skýtur Stefán inn

í frásögn Péturs og bætir við. „Flestir héldu að við myndum gefast upp en það var nú öðru nær.“ Erlendur tekur samt fram að þeir séu ekki að fara til að vinna. „Það eru að minnsta kosti fjögur atvinnumannalið í keppninni í ár og fleiri gríðarlega góð,“ upplýsir hann.

Í heildina er farið um 250-300 kílómetra leið. Keppendur þurfa að vera fljótir og koma við á réttum stöðum því um ratleik er að ræða í og með.

„Fyrsti dagurinn var þannig í fyrra að við hjóluðum fyrst 35 kílómetra og hlupum svo upp á þrjá tinda í nágrenni Tasiilaq, hver og einn er um sjö hundruð metrar, sem er rúmlega hæðin á Þverfellshorni



# Ertu svo heppinn að hafa sent SMS skilaboð undir stýri án þess að valda slysi?

Ertu til í að deyja fyrir eitt SMS? Ef ekki þá skaltu sleppa því að fíka í farsímanum á meðan þú keyrir. Líkurnar á því að þú valdir slysi aukast gríðarlega í hvert sinn sem þú tekur athyglina frá akstrinum.

Hugsaðu þig tvisvar um hvort þú viljir treysta á heppnina, notaðu farsímann **ekki** undir stýri.



Tökum heppnina úr umferð



Esjunnar. Við vorum tíu tíma að puða í þessu en atvinnumennirnir um sex tíma. Næsta dag rerum við yfir fjörð og klifum um þúsund metra hátt fjall. Þriðja daginn hlupum við yfir jökul og komum í tjaldbúðir þar sem Angu, frægur grænlandskur söngvari, skemmti okkur og í bakgrunni tónlistarinnar heyrðust magnaðar drunur frá borgarísjökunum úti á firðinum. Í ár verður Hera Hjartardóttir aðal númerið. Á fjórða degi var róíð, farið yfir nokkur fjöll að nyrsta punkti eyjunnar, hlaupið yfir jökul og aftur róíð. Við enduðum á að vera 38 tíma í síðasta leggnum.“

Kyrrsetublaðamaðurinn er kominn með hókuna niður á bringu. Hvernig er þetta hægt? „Hvað borðuðu þið?“ spyr hann þegar hann nær upp orði.

„Við vorum með þurrmat og fengum heitt vatn á einum staðnum þannig að við gátum hitað okkur eina máltíð. Hitaeiningabombur, gel og orkuduft kom líka í góðar þarfir, auk þess sem við höfðum hnetur og rúsínur. Nú ætlum við að hafa meiri mat með okkur. Kjarngott brauð og álegg í túpum, jafnvel harðfisk og þurrkað kjöt.“ „Ég er að hugsa um að taka með mér nokkra lifrarpylsukeppi. Þar hefur maður allt, prótein, steinefni og orku.“ segir Pétur og bætir við. „En Stefán er jurtaæta þannig að hann mun ekki þiggja hjá mér bita.“ „Við reynum að vera eins léttir og við getum,“ segir Trausti. „Það er langur listi yfir allt sem er skylda að hafa með. Þar á meðal eru litir svefnpokar, eins manns tjöld, áttavitar, GPS tæki, neyðarblikkljós, flautur, hnifar og fleira. Svo erum við auðvitað með jökla-búnað með okkur, ísaxir, belti, festingar, brodda og bönd.“ Það er greinilega mikil áreynsla framundan hjá þessum görgum en þeir hlakka bara til. „Eftir keppnina í fyrra hugsuðum við: Þetta gerum við aldrei aftur. En svo gleymast erfiðleikarnir og við vorum búnir að skrá okkur fyrir jól.“ Hægt er að fylgjast með keppninni á [www.atc.gl](http://www.atc.gl) og [www.utivera.is](http://www.utivera.is)



Stokkið er yfir eina og eina sprungu. MYND: Erwin Reintalir



„Það þýðir ekkert að fara í svona keppni nema í toppformi,“ segja félagarnir, sem keppa undir merkjum Intersports. MYND: Erwin Reintalir



Oftast er lagt upp frá bænum Tasilaq. MYND: Erwin Reintalir



Eins gott að hafa hjólin í lagi. MYND: Erwin Reintalir



Kanóróður er ein af keppnisgreinum.

MYND: Erwin Reintalir





Yfir 50 tegundir af plankaparketi

**Egill  
Arnason hf**  
Ármúli 8 - 108 Reykjavík  
595 0500 - [www.egillarnason.is](http://www.egillarnason.is)

# Hið einstaka Ísland og íslensk sérkenni

Eru klisjurnar sannar? Eru það stórkostleg náttúran, sætar stelpur og íslenski hesturinn sem heilla ferðamennina og vekja hjá þeim forvitni og furðu? Bláðamenn Birtu fóru á stúfana og spjölluðu við ferðamenn sem staddir voru í miðbæ Reykjavíkur. Flestir höfðu lesið sér til um Ísland áður en þeir komu til landsins en samt var ýmislegt sem kom á óvart, eins og auðar götur og tískuklæðnaður. Það var forvitnilegt að heyra skoðanir ferðamannanna á íslenskum séreinkennum og hvernig Íslendingar koma þeim fyrir sjónir. Við Íslendingar þreymtum líka seint á að heyra hversu sérstök, falleg og merkileg við erum. Enda höfðu einhverjir orð á því að það ein-kennið Íslendinga - að vilja vera framúrskarandi og öðruvísi. Það sem meira er - við þorum að viðurkenna það!



Íslenskar konur eru annað hvort ljóshærðar skvísur með bjart og snoppufrítt andlit eins og Svanhildur Hólm eða ...

... dularfullar, með skrýtin augu, dökkt hár og svokallað „brjálæðislegt útlit“ eins og Björk.



## Sarp Kaya frá Tyrklandi

„Ég er búsettur í Þýskalandi og þar er svo margt fólk úti um allt þannig að mér brá svolítið við að koma til Íslands. Það er svo skrýtið að sjá allt þetta pláss og svæði en svona fátt fólk. Maður sér húsin, göturnar og endalaust af bílum en enga á ferli. Manni fer að líða hálfundarlega þegar það eru engir í kringum mann - svolítið eins og að vera staddur í Stephen King bíómynd.“



Það eru allir í gallabuxum á Íslandi. Niðurþröngum, alltof víðum, allt of þröngum, snún-um, beinum, bláum, svörtum eða rauðum. Ungir og gamlir. Allar týpur.

Það eru börn út um allt! Í kerum upp og niður Laugavegin, á Austurvelli og í hópferðum á tjörninni. Börnin eiga unga foreldra og fáránlega mörg systkini að mati margra gesta okkar. Já, við erum einstaklega frjósöm - eða bara einstaklega óskipulögð og spontant?



## Lise Vogt frá Danmörku

„Ég bjó héra fyrir nokkrum árum og er núna í heimsókn með manningum mínum. Það hefur ekkert á Íslandi komið beint á óvart en það er öðruvísi en allt annað - það er alveg á hreinu. Það sem er skemmtilegt við Íslendinga er að þeir fylgja ekki svokölluðum Jante-lögum eins og aðrir Norðurlandabúar. Jante-lögin snúast lauslega um það að maður eigi ekki að skara fram úr heldur eigi allir í samfélaginu að vera jafnir. Á Íslandi má skara fram úr og stefna að því án þess að skammast sín fyrir það. Hér er ekkert að því að hafa metnað og vilja ná sem lengst í lífinu.“



Hinn smái en kraftmikli íslenski hestur heillar marga ferðamenn og dregur þá til landsins. Það er ekki bara útlitið sem er sérstætt heldur einnig einstök skapgerð og gangtegundir hans. Íslenski hesturinn fellur svo sannarlega undir hið einstaka við Ísland og er einn af þeim hlutum sem gera okkur svolítið öðruvísi.







Það lýstu því margir sem einstakri reynslu að keyra frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur. Hraun og mosi svo langt sem auga eygði. Hvert einasta grjót, hraun og mosi fengu óskipta athygli ferðamannanna – enda engu öðru líkt!



Íslendingar eru stórir, kraftmiklir og háværir. Við höfum það nú ekki langt að sækja.

Það er dýrt dýrt dýrt á Íslandi - en það vita nú allir sem stíga fæti inn í matvælaerslun. Þar frá London hélt að það byggji í dýrustu borg í heimi en var í áfalli yfir verðlaginu. Við þurfum að sjálfsgöðu að vera á heimsælíkvarða í þessum málum sem og öðrum.

## W. Van Veldkuzem frá Hollandi

„Ég hef lengi óskað mér að ferðast um Ísland því ég hef lesið mikið um íslenska náttúru. Það er alveg ótrúlegt að skoða þessi eldfjöll, endalaus svæði þakin hrauni og mosa, skýin og engar nætur. Íslendingar eru indælir og ótrúlega hjálpsamir. Ég hef komið við á hinum ýmsu stöðum og hef aldrei þurft að biðja um hjálp við neitt – það bjóða allir fram aðstoð sína. Það eru allir svo afslappaðir og enginn að flýta sér of mikið. Svo er það þvilíkur munaður að allir tali ensku og þið eigið alveg svakalega stóra bíla. Það sem ég aftur á móti skil ekki er hvernig fólk getur búið lengst úti á landi fjarri allri byggð á veturna þegar dagurinn er aðeins fjórir tímar. Það finnst mér vera algjör einangrun.“



## Katerina frá Kýpur

„Það er ótrúlega skrytið að það sé alltaf bjart hérna og alltaf dagur – það hefur samt gengið furðulega vel að sofa. Það er rosalega dýrt hérna en líka voða góður matur og góð þjónusta. Íslendingar eru voða ljúfir og vingjarnlegir. Þeir eru ótrúlega flott klæddir og fylgjast greinilega vel með tískunni. Svo virðist meðalaldurinn hér í borginni vera ótrúlega lágur, það er allt fullt af svölu ungu fólki og börn úti um allt.“



Íslendingar eru með sitt hár og annað hvort eru þeir dökkskolhærðir eða með litað hár. Þeir eru með opin blá augu, breiðleitir og há kinnbein. Annars virðist íslenskt útlit vera típískt skandinavískt þótt Íslendingar skeri sig úr með því að tjá sig í gegnum klæðnað sinn og með flottum hárstíl. Við erum sem sagt með skandinavískan lit á okkur en poppum hann upp með öðruvísi fötum og brjáluðu hári. Við getum nú ekki verið alveg eins og frændur vorir.



## Sara Wassmann frá Þýskalandi

„Ég er að læra landafræði og fékk þannig áhuga á íslenskrí náttúru. Lífsmátinn á Íslandi er ólíkur þeim þýska. Á Íslandi er fólk svo rólegt og gefur sér góðan tíma í hlutina en er ekki alltaf að líta á klukkuna. Svo eru íslensk börn eins og lítill tröllabörn – og hvert einasta barn er svo fallegt. Foreldrarnir eru líka ungir og eiga svo mörg börn – mér finnst það alveg frábært.“



# ALLT Í MATINN Á EINUM STAÐ

## *Hamborgarar og pylsur með hugmyndaflug*

Mörgum þykir þetta ekki merkilegur matur en það er ótal margt ljúffengt hægt að gera úr pylsum og útbúa má hamborgara í mörgum listilegum útfærslum. Á ferðalögum getur verið þægilegt að eiga til pylsur og hægt er að útbúa öðruvísi rétti úr þeim en venjulega. Hamborgarann má tengja við önnur lönd og upphuga þannig allt mögulegt í kringum hann.

Pylsur og hamborgarar fást líka alls staðar og þetta sumarið hefur úrvalið af pylsunum orðið fjölbreyttara. Ostapylsur, Toskanapylsur, Mexíkópylsur og svo mætti lengi telja. Í þessa pylsupönnu sem hér er gefin uppskrift af er um að gera að prófa þessar pylsur, pönnuréttinn má bera fram með ýmsu brauði en sniðugt er að setja hann í tartalettur. Þær fást á flestum stöðum og endast lengi. Annað hráefni í þessar uppskriftir er líka eitthvað sem hægt er grípa í næstu búð, í góðum krukum og dósum, þægilegt er að eiga við og afgangana má nota í allt annað.

### PYLSUPANNA

4 pylsur, smátt skornar í sneiðar  
6 beikonsneiðar, skornar í bita  
1/2 rauðlaukur, smátt skorinn  
6 sveppir, fint sneiddir  
3 msk. rjómaostur  
3 msk. sýrður rjómi  
1 msk. sætt sinnep

Steikið pylsur, beikon, lauk og sveppi saman á stórrí pönnu. Ef engin panna er nógu stór er best að steikja pylsur og beikon saman, þá lauk og sveppi. Hrærið rjómaost og sýrðan rjóma saman við og látið bráðna. Smakkið til með sætu sinnepi. Pylsurnar er gott að bera fram í tartalettum, litlum pítubrauðum eða með öðru góðu brauði.





# Lambakjöt

ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ



## Grill Kebab

600 g fituhreinsað lambakjöt,  
t.d. bógur eða lærisneiðar,  
skorið í u.þ.b. 2-3 cm bita.  
1/2 dl ólífuolía  
safi úr einni sitrónu

1 msk. salvía, smátt söxuð  
1/2 msk. óreganó (ferskt), saxað  
Hoi Sin sósa (kinversk grillsósa,  
fæst í flestum búðum  
3 msk. sesamfræ

Setjið kjötið í skál ásamt ólífuolíu, sitrónusafa,  
salvíu og óreganó og látið standa í u.þ.b. 3 klst.

Raðið kjötinu á pinna, penslið með Hoi Sin  
sósu og stráið sesamfræjum yfir pinnana.  
Grillið í u.þ.b. 8-12 mín. og snúið nokkru sinnum  
á meðan. Borið fram með t.d. kús-kús og salati.

[www.lambakjot.is](http://www.lambakjot.is)

ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR



Mexíkóskur borgari

Hamborgari

Mexíkókryddblanda

Ostasósa

Salsasósa

Sæt kartafla, þunnt sneidd

Tortillaflögur

Salat og grænmeti að eigin vali

Brauð

Grillið hamborgarann og kryddið með mexíkósku kryddi, sem bæði fæst í pokum og krukkum. Sneiðið sætu kartöflurnar, smyrjið með smá olíu og grillið sneiðarnar. Smyrjið brauðið með ostasósu, leggið salat þar ofan á, þá borgarann, sætu kartöflurnar, salsasósu og smá flögur. Lokið borgaranum og berið fram.





Bavaria, hollenskur gæðabjór:

# Kom best út í blindprófun

**H**ollenski bjórinn Bavaria kom best út í könnun sem hollenska dagblaðið *De Telegraaf* gerði á dögum meðal hollenskra háskólanema. Takmark könnunarinnar var að komast að því hvað væri besti bjórinn til að drekka meðan horft væri á HM í knattspyrnu.

10 vinsælar tegundir af bjór voru prófaðar með blindprófi og fékk Bavaria bjórinn hæstu einkunn.



Niðurstöðurnar komu Peer Swinkel, framkvæmdastjóra Bavaria alls ekkert á óvart: Við höfum að sjálfsögðu vitað þetta í mörg ár, sagði hann. Gæðastaðlar Bavaria brugghússins, gott vatn og jafnvægið milli malts, humla og gers gerir Bavaria bjórinn að veislu fyrir bragðlaukana og þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann er valinn bestur í blindprófunum.

Það sem kom mest á óvart í könnuninni var að Heineken, þekktasti bjór Hollands skyldi ekki ná hærra en í 9. sæti í könnuninni.

Smakkararnir voru yfir sig hrifnir, sötrandi Bavaria og höfðu á orði að hver einasti leikur verður hrein ánægja

– jafnvel þó Hollendingar tapi!

1	Bavaria	7.4
2	Grolsch	6.7
3	Best (Dirk)	6.4
4	Dommelsch	6.1
5	Amstel	6.0
6	Vaandel	5.8
7	Euroshopper	5.0
8	Finkbräu	4.7
9	Heineken	4.6
10	Albert Heijn	4.3



# STÍLL STJARNANNA

## *Kornung og glæsileg*

Söng- og leikkonan Hilary Duff er aðeins átján ára gömul. Hún vakti fyrst athygli þegar hún lék aðalhlutverkið í þáttunum Lizzie McGuire en í dag hefur hún leikið í þónokkrum kvikmyndum og gefið út þrjár breiðskífur. Hilary þykir smekkleg í fatavali og það sést ekki á henni að hún fyllir aðeins tæplega tvo tugi í árafjöldu. Um daginn söng hún í MTV-þættinum TRL og klæddist þá einföldum en smekklegum fötum. Birta fór á stjá og fann fót í svipuðum stíl.



Mussa úr Top Shop, 4.490 kr.  
Háhælaðir skór frá Aldo, 8.990 kr.  
Síðar leggings úr Sock Shop, 1.790 kr.  
Armbönd úr Warehouse, 1.990 kr.  
Eyrnalokkar úr Kiss, 690 kr.  
Hálsmen úr Víla, 1.690 kr.



Enn meiri lækkun  
**50-70%**  
afsláttur

KAREN MILLEN

Kringlan

# Flott sumartíska

Kynning



Next - Kringlunni  
40% afsláttur  
Verð kr. 2.394



Next -  
Kringlunni



Gallabuxnabúðin - Kringlunni  
Verð kr. 6.900



Companys - Kringlunni  
Verð áður 7.990  
verð nú 4.794



Cenrtum - Kringlunni  
Verð áður 5.990  
verð nú 2.396







Next - Kringlunni 40% afsláttur  
Verð nú kr. 1.674



Next - Kringlunni 40% afsláttur  
Verð nú kr. 3.594



Next - Kringlunni  
40% afsláttur  
Verð nú kr. 1.614



retro - Kringlunni  
Verð áður 5.990,  
verð nú 1.990



Centrum - Kringlunni  
Verð nú 4.796  
Verð áður 11.990



Focus Kringlunni

# GLAMÚRGELLAN

## Brittany Murphy

Brittany Murphy var fædd til að vera í sviðsljósinu og dregur að sér athygli hvert sem hún fer með fallegu brosi og stóru brúnu hvolpaaugunum sínum. Útlit hennar er í anda Hollywood-ljóskunnar, þar sem vöxtur hennar fær að njóta sín til fulls í kvenlegum kjólum og háum hælum og brosið er að sjálfsgöðu aldrei langt undan. Hún er glamúrgella í húð og hár og velur sér ætíð litríka kjóla með palliættum, fjöðrum eða flaueli. Svo toppar hún útlitið með svörtum eyeliner og rauðum varalit.

Til að stæla útlit Brittany Murphy er best að leita í second-hand verslunum eftir gömlum kjólum eða í koffortinu hennar ömmu, lita hárið ljóst og gera sem mest úr augnhárunum og augnumgjörðinni.

Myndir: NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



Hér er hún með dökkt hár en eyelinerinn og rauði varaliturinn eru á sínum stað.



Brjáluð gella í gylltum stuttum kjól.



Hér er hún í glansandi bleikum silkkjól að tilkynna að hún verði rödd Skellibjollu í Disney-teiknimyndinni Tinker-bell.



Brittany er flott í þessum kjól sem er með slöngumynstri og tekinn saman í mittið með flauelisbandi.



Brittany í sætum blúndukjól og svörtum skóm eftir viðtal í The Late show hjá David Letterman.



Brittany hefur tekið gamla Hollywood-glamúrslínn með stæl og er hér eins og Rita Hayworth.



# 50-80% afsláttur

af öllum útsöluvörum.

Peysur 1.990 kr. ~~10.990 kr.~~

Kjólar 1.990 kr. ~~9.990 kr.~~

## Whistles

Kringlunni

# 50-70%

afsláttur af öllum útsöluvörum

# 3 fyrir 2

Veldu 3 sköpör, borgaðu fyrir 2 og fáðu það ódýrast frítt!

Nýtt kortatímabil

## THE SHOE STUDIO



Kristín Eva Þórhallsdóttir  
elur upp



## Fjölskylduplön

Á fallegu sumarkvöldi í síðustu viku ók ég um langan veg með börnin mín tvö í aftursætinu. Langt var liðið á kvöld og dóttir mín sem var þreytt eftir ævintýri dagsins steinsofnaði við hlið bróður síns. Við höfðum hlustað á tónlist í útvarpinu en þegar hún sofnaði ákvað ég að skipta yfir á rólegri stöð, þar sem ég rakst á viðtal við ljósmóðurina sem tók á móti henni í heiminn og spurði strákinn minn síðan hvort hann myndi nokkuð eftir henni og deginum sem systir hans fæddist. „Já,“ sagði hann. „Afi og amma fóru með mig á leikskólann og þegar ég kom heim var hún komin.“ Ég man líka vel eftir því þegar hann sá hana fyrst. Hann stökk upp á rúmstokkinn hjá mér og starði á hana dálitla stund, fékk að kyssa hana á ennið og hafði orð á því að hún væri nú soldið litil, en bar samstundis ómælda ást til hennar. Hann varð strax besti bróðir í heimi og sýndi henni endalausa þolinmæði og blíðu og skammaði mig oft ef ég lét ekki allt eftir henni.

Því miður fékk hann ekki alltaf sömu meðferð frá systur sinni því hún komst mjög fljótt upp á lagið með það að rífa í hárið á honum eða bita hann ef hann var henni til ama. Aldrei svaraði hann henni í sömu mynt, þótt nú sé annað upp á teningnum. Honum finnst hún ekkert vera svo litil lengur og er farinn að svara fyrir sig og stofna til slagsmála við hana. Mér til litillar ánægju er því oft mikið um hártoganir og óskur í þeirra samskiptum og reynist mér þá erfitt að temja mér þá þolinmæði sem allir foreldrar eiga að búa yfir. Sem betur fer er þetta ekki einkennandi fyrir þeirra samskipti því mikill kærleikur er á milli þeirra og geta þau oftast ekki án hvors annars verið.

Viðtalið við ljósmóðurina vakti þó ekki aðeins með okkur minningar um fæðingu, heldur varð það einnig kveikjan að spjalli um systkini og barneignir. Strákurinn minn spurði mig hvort ég myndi eftir bíómynd sem við hefðum eitt sinn horft á, þar sem í einni fjölskyldu voru átta börn. Þar hefðu verið tvíburar sem væru svo skemmtilegir og hann langaði svo til að í okkar fjölskyldu væru jafnmörg börn og í myndinni. Honum fannst alveg tilvalið að ég myndi byrja á því að eignast tvíbura. Þegar ég svo benti honum á þann möguleika að öll börnin sem ég myndi fæða gætu orðið litlar systur alveg eins og sú sem hann átti fyrir, leist honum ekki alveg á það og sagði að það ætti svo sem ekki að vera vandamál því ég myndi bara eignast stráka. Þá sagði ég honum að maður réði engu um kyn barnanna sinna og hann svaraði því bara með einu hummi, setti upp hugsunarsvipinn sinn og ég veit að hann er enn að reyna að finna lausn á því. Sú lausn verður án efa snilldarlausn sem aðeins sex ára barn getur látið sér detta í hug. Ég skil hann afskaplega vel því ég man vel eftir því að hafa óskað mér að eignast lítið systkini, en ég átti tvo eldri bræður sem voru alls ekki nógu krúttlegir til að hnoðast með. Mér varð að ósk minni þegar ég varð þrettán ára gömul. Ég eignaðist litla systur og grét þá bókstaflega af gleði. Hvort ég láti verða að ósk sonar míns verður tíminn einn að leida í ljós, þó efast ég um að börnin verði nokkurn tímann átta.



## Englaraddir

Sum börn læra að syngja áður en þau læra að tala enda eru börn yfirleitt sérstaklega tónelsk. Foreldrar ættu því að leyfa tónlistinni að dafna í barninu, kenna því lög og syngja með því. Það er líka dásamlega krúttlegt að heyra lítið barn syngja rammíslenskt lag með flóknum texta. Laglínan virkjar tóneyrað og textinn bætir orðaforðann og skilning á íslenski tungu.



## Piss piss og pelamá

Um fimmtán prósent heilbrigðra fimm ára barna pissa undir á nóttunni og því er engin ástæða til þess að örvænta þótt það „vandamál“ sé algengt á heimilinu. Börn taka stundum tímabil þar sem þau pissa undir og tengist það oft miklum breytingum hjá barninu eins og flutningum, skilnaði foreldra eða því að byrja í nýjum skóla. Best er að sýna þolinmæði og skilning á órygginu með því að halda rónni og skamma barnið ekki þótt það sé hvítleitt að þvo af rúmunum einu sinni á dag. Algengast er þó að vandamálið sé líkamlegt og þá oftast hjá drengjum en stúlkum. Oft eldist það af þeim en í sumum tilfellum þarf að leita til læknis og fá lyfjameðferð eða leiðbeiningar um hvernig hægt er að hjálpa barninu að hafa stjórna á þessu sjálft.

# SUMARVÍN Í VÍNBUÐUM

5. júlí - 5. ágúst



**CARLO ROSSI:**

## Vinsæl vín á sumartilboði

Carlo Rossi er nafn sem margir kannast við enda einhver vinsælustu vín á Íslandi. Í kútunum kunnuglegu fást þrjár tegundir; rósavín, hvítvín og rauðvín og heita einfaldlega California Rosé, California White og California Red.

